



3. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 15. nóvember 2019 í Þjónustumiðstöð UMFÍ.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPG), Lárus B. Lárusson (LBL), Gissur Jónsson (GJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Hallbera Eiríksdóttir (HE), Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK) og Gunnar Gunnarsson (GG).

1. Fundur settur kl. 15:09
2. Kynningar starfsfólks á verkefnum sínum.
 - Ragnheiður Sigurðardóttir, Ómar Bragi Stefánsson, Guðbirna Kristín Þórðardóttir og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson kynntu sig og sín verkefni.

JSI kom inn á fundinn kl. 16:00

3. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
 - AIP gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
4. Framkvæmdastjórnarfundargerðir nr. 1. og 2.
 - Lagðar fram til kynningar.
5. Skipun nefnda og tillaga að vinnulagi:
 - Farið yfir starfsreglur stjórnar. Framkvæmdastjórn falið að fara yfir reglurnar og samræma við lög UMFÍ.
 - JSI kynnti tillögur framkvæmdastjórnar að nefndum og vinnulagi þeirra. Nokkrar tillögur hafa borist frá fólki sem er viljugt til að starfa í nefndum. Framkvæmdastjóra falið að vinna að því að manna nefndirnar.
 - Nefndirnar eru:
 - Framkvæmdastjórn.
 - Umhverfisnefnd.
 - Fræðslunefnd.
 - Móta- og viðburðanefnd.
6. Niðurstaða vinnuhóps um heiðranir.
 - LBL gerði grein fyrir störfum vinnuhópsins sem starfaði á síðasta kjörtímabili. Í vinnuhópnum störfuðu auk LBL, Örn Guðnason og Guðríður Aadnegard. Stjórn fór yfir endurskoðaða reglugerð um heiðursviðurkenningar og samþykkti með áorðnum breytingum. Tillögum vinnuhópsins um aðrar viðurkenningar vísað til frekari úrvinnslu hjá Fræðslunefnd. Stjórn þakkar vinnuhópnum fyrir vel unnin störf.

GS vék af fundi kl. 18:20.

7. Sjóðir UMFÍ

- Fræðslu- og verkefnasjóður.
 - i. Umræður um tilgang og vinnureglur sjóðsins. SÓJ form., RH og LBL skipuð í sjóðsstjórn, EÁK til vara.
- Umhverfissjóður, minningarsjóður Pálma Gíslasonar.
 - i. HV form., HE, Óskar Magnússon, Magnús Gíslason og fulltrúi fjölskyldu Pálma Gíslasonar skipuð í sjóðsstjórn.

8. Drög að fundaáætlun stjórnar 2019 – 2021.

- Farið yfir fundaáætlun stjórnar út árið 2020.

**SÓJ ritaði fundargerð.
Fundu slitið kl. 20:42**